

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu mælt með þar til gerðum magnmælum.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnmæli.

Þar til mælir hefur verið settur upp eða ef mælir bilar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Til húshitunar:

VM1	169,29	(192,99) kr. pr. tonn
Niðurgreitt allt að 1.111 m ²	91,80	
VM2 m ³	42,33	(48,26) kr. pr. tonn
Niðurgreitt á m ²	22,95	
VM2 kWh	2,82	(3,22) kr. pr. tonn
Niðurgreitt á kWh	1,53	

Til annarra nota:

VM3 m ³	117,57	(134,03) kr. pr. tonn
VM4 m ³	29,41	(33,52) kr. pr. tonn
VM4 kWh	1,96	(2,23) kr. pr. tonn

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á ári:

MV1 Fyrir mæla allt að 3/4"	9.585,00	(10.927,00) kr.
MV2 Fyrir mæla eða hemla 1" - 2"	19.096,00	(21.770,00) kr.
MV3 Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri	38.284,00	(43.644,00) kr.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar

sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss

utanmál (m³) Heimæðargjald

Allt að 400 kr. 106.090,00 (120.943,00)

400 - 2.000 kr. 106.090,00 (120.943,00) fyrir 400 m³ + 86,57 (98,69) kr./ m³ þar yfir.

2.000 - 6.000 kr. 244.604,00 (278.849,00) fyrir 2.000 m³ + 71,19 (81,16) kr./ m³ þar yfir.

6.000-10.000 kr. 529.389,00 (603.504,00) fyrir 6.000 m³ + 62,99 (71,81) kr./ m³ þar yfir.

Yfir 10.000 kr. 781.353,00 (890.742,00) fyrir 10.000 m³ + 54,80 (62,47) kr./ m³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða 13.155,00 (14.997,00) kr.
í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest sé ekki áformað að hita hluta húsnæðis.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur 3.183,00 (3.628,00) kr.
hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Virðisaukaskattur, 14,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja hf. og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og

birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 702, 21. september 2001, með síðari breytingum og gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn, nr. 597, 20. júlí 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Guðrún Skúladóttir.